



Fréttabréf Naustaskóla

9. tölublað, 7. árgangur, 1. október 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Kólnar í veðri!

Nú er greinilega byrjað að hausta hjá okkur og það þýðir að huga þarf að betri klæðnaði en hægt hefur verið að komast af með hingað til.

Nú gildir að búa sig eftir veðri, muna eftir húfum og vettlingum og það getur jafnvel verið gott að hafa aukasokka og jafnvel fleira með sér í töskunni..



Kæra skólasamfélag

Þá er september að baki, skólastarfið að sjálfsögðu komið á fullan snúning og fer prýðilega af stað. Eins og oftast áður slíta frídagar október dálítið sundur en þar er um að ræða fasta liði eins og starfsdag vegna haustþings kennara, viðtalsdag og hið hefðbundna vetrarfrí í lok mánaðar. Við minnum á “opnu vikuna” 13.-17. okt en þá eru foreldrar sérstaklega hvattir til að gera sér ferð í skólann og fylgjast með, en eru þess utan auðvitað hjartanlega velkomnir líka. Það er ekki nein sérstök dagskrá í opnu vikunni en hugmyndin þvert á móti að hægt sé að fylgjast með því hvernig venjulegt skólastarf fer fram í dagsins önn. Við minnum á að á heimasíðu skólans má nálgast starfsáætlanir kennsluteyma, en einnig starfsáætlun skólans í heild þar sem má fræðast um stefnu, starfshætti, helstu áherslupætti vetrarins o.fl. Þessar upplýsingar er að finna undir hlekknum skólinn / skólanámskrá. Með bestu kveðjum úr skólanum og von um öflugt starf og dásamlegt líf að vanda hjá okkur í október.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Lúsín - verum á verði!

Lúsín er enn að stinga sér niður og er gríðarlega mikilvægt að allir séu samtaka um að kemma reglulega og samviskusamlega. Nú hafa verið teknar upp breyttar verklagsreglur á þann hátt að nú er ætlast til að barn sé heima í einn dag eftir að lús hefur fundist og meðferð hefur farið fram.

Skal þá tíminn notaður til að kemma tvisvar sinnum til að ganga örugglega úr skugga um að meðferðin hafi borið árangur. Þetta skal gert til að tryggja að meðferð beri árangur og nemendur komi ekki að nýju í skólann með lifandi lús meðferðis...



Fulltrúar óskast í umhverfisnefnd

Nú erum við að fara að setja saman formlega umhverfisnefnd sem hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón með framkvæmd Grænfána-verkefnisins hjá okkur. Og þá vantar okkur áhugasama fulltrúa foreldra til að starfa í nefndinni. Þeir sem vilja gefa kost á sér í þetta skemmtilega verkefni eða óska nánari upplýsinga eru beðnir um að hafa samband með tölvupósti - agust@akureyri.is



Ný stjórn Foreldrafélagsins

Á aðalfundi Foreldrafélagsins nú á dögnum voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Vaka Óttarsdóttir
Áshildur Hlín Valtýsdóttir
Erla Rán Kjartansdóttir
Sigríður Ingólfsdóttir
Margrét Auður Sigurbjörnsd.
Fanney Pétursdóttir
Sólveig Styrmsdóttir
Marta Lilja Marteinsd. Olsen
Sigrún Sigurðardóttir
Valgý Arna Eiríksdóttir
Claudia Lobindzus


Fundargerð aðalfundarins má nálgast á heimasíðu skólans..

Greiðsluseðlar um mánaðamótin sept-okt

Nú um mánaðamótin eru innheimt gjöld hjá sumum foreldrum nokkuð hærrí en í meðalmánuði. Skýringin á þessu er sú að um þessi mánaðamót innheimtum við gjald fyrir ávaxta- og mjólkur-áskriftir haustannarinnar - en það gjald er bara innheimt einu sinni á önn. Við minnum á að greiðsluseðla má nálgast á vefnum <http://eg.akureyri.is>

Ertu að taka til?

Við gleðjumst alltaf mjög þegar foreldrar koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Það er t.d. alltaf þörf fyrir púsluspil, kubba og hvers kyns leikföng í Frístund og á kennsluvæðum yngri bekkjanna. Svo er náttúrulega enn dálítið pláss á bókasafninu... :)



Göngum í skólann!

Við minnum á átakið Göngum í skólann, en undanfarið hafa íþróttakennarar unnið að því að safna upplýsingum um hvernig nemendur í hverjum námshópi koma í skólann og við skoðum svo gögnin með tilliti til þess hve langt skólinn er frá heimili o.fl. Miðvikudaginn 8. október nk. er hinn alþjóðlegi “Göngum í skólann dagurinn” og þann dag hvetjum við sérstaklega til þess að ALLIR sem það mögulega geta komi í skólann gangandi eða hjólandi.



Skólareglur - skólasáttmáli.

Síðastliðinn vetur fór fram vinna hjá okkur við að móta skólareglur en þar er unnið í samræmi við "Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum" nr. 1040/2011. Niðurstaðan úr þessari vinnu varð sú að við bjuggum til Skólasáttmála sem er til viðmiðunar um hvað við viljum leggja áherslu á þannig að öllum geti liðið vel í skólanum. Í framhaldinu höfum við síðan búið til verkferla sem eru til upplýsingar og viðmiðunar fyrir starfsfólk um viðbrögð við óæskilegri hegðun hjá nemendum. Verkferlarnir bíða nú endanlegrar umræðu hjá skólaráði og verða síðan birtir í starfsáætlun skólans á heimasíðunni og einnig í næsta fréttabréfi. Hér á eftir má hins vegar finna skólasáttmálann okkar:

Skólasáttmáli Naustaskóla

Við, starfsfólk og nemendur Naustaskóla viljum að öllum líði vel í skólanum, allir séu öryggir, sinni störfum sínum af vandvirkni og nýti hæfileika sína. Þess vegna fylgjum við skólasáttmála Naustaskóla.

Námið

Við mætum stundvíslega.

Við nýtum tímann vel og vinnum samkvæmt bestu getu.

Við vinnum öll saman.

Samskipti

Við komum fram við aðra eins og þeir vilja láta koma fram við sig.

Við erum vingjarnleg.

Við heilsumst, kveðjumst og þökkum fyrir okkur.

Heilbrigði

Við erum jákvæð.

Við hreyfum okkur og njótum útivistar.

Við komum vel hvíld í skólann.

Skólalóðin

Við biðjum um leyfi til að yfirgefa skólalóð á skólatíma.

Við göngum vel um skólalóðina og allar eignir sem þar eru.

Við leikum okkur saman á skólalóðinni.



Ábyrgð

Við berum ábyrgð á eigin framkomu og hegðun.

Við berum sjálf ábyrgð á persónulegum verðmætum, sem við komum með í skólann.

Við förum vel með eigur skólans og annarra.

Umgengni

Við göngum frá eftir okkur.

Við erum umhverfisvæn og flokkum.

Við förum vel með námsgögn og bækur.

Ferðir

Að sjálfsögðu gildir skólasáttmáli Naustaskóla í ferðum á vegum skólans og á skemmtunum.

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

Um símanotkun nemenda

Alltaf öðru hvoru spretta upp umræður um símanotkun ungmenna og því miður er það svo að börn (og væntanlega einhverjir fullorðnir líka) eiga það til að misnota þessi annars ágætu tæki. Það er því afar mikilvægt að við séum dugleg að ræða við krakkana um notkun tækninnar, og hvað sé við hæfi og hvað ekki. Þar á meðal er t.d. að þau þurfa að gera sér grein fyrir því að hvers kyns myndatökur og hljóðupptökur sem beinast að öðru fólki, eru ekki í lagi nema að viðkomandi séu upplýstir og fengist hafi samþykki. Svo þurfa þau líka að muna að það sem einu sinni er komið í birtingu á netinu verður ekki tekið til baka. Hér í Naustaskóla tókum við strax þá stefnu að hafa mjög einfaldar reglur varðandi síma og annan tækjabúnað. Þær eru þannig að krökkunum er treyst til að hafa þessi tæki, en þau þurfa að umgangast þau af ábyrgð og kennarar ráða því að sjálfsögðu hvort að tækin eru í notkun í kennslustundum. Ef nemendur standa ekki undir sinni ábyrgð og misnota tækin eða þau trufla nám, kennslu eða annað skólastarf, þá eru þeir beðnir um að afhenda þau og fá þau svo til baka í lok dags. Ef um ítrekaða misnotkun er að ræða fer tækið til stjórnenda og foreldrar þurfa að sækja það þangað. Ef nemandi hins vegar neitar að afhenda tæki þá eigum við engan annan kost en að snúa okkur beint til foreldra og biðja þá um að koma og aðstoða okkur við að leysa málin.



Jákvæður skólabragur fyrir alla - skólasamfélaginu til heilla!

Jákvæður skólabragur hefur mikla þýðingu fyrir skólasamfélagið. Hann hefur áhrif á nám barna og unglinga og líðan allra sem tilheyra skólasamfélaginu – nemendur, foreldra og starfsfólk.

Eftirfarandi punktar eru taldir mynda eftirsóknarverðan, jákvæðan skólabrag, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Þeir viðhalda þeirri orku og eftirvæntingu sem einkennir upphaf skólaársins og efla samstarf heimilis og skóla.



JÁKVÆÐUR AGI

Jákvæður skólabragur – nemendur

- ⇒ Nemendur eru hafðir með í ráðum. Þeir vilja mæta í skólann, leggja sig fram til þess að ná árangri, taka virkan þátt í námsferlinu og axla ábyrgð í námi sínu.
- ⇒ Nemendur eiga góð samskipti í skólanum, jafnt við aðra nemendur sem og starfsfólk. Þeir eiga vini og námsfélaga, þeir þurfa ekki að óttast einelti, né taka þeir þátt í einelti.
- ⇒ Nemendum finnst þeir geta leitað til allra starfsmanna skólans eftir aðstoð, hvort sem það er námsleg eða félagsleg aðstoð.
- ⇒ Skólasáttmáli er til staðar, hann er sanngjarn og leiðbeinandi fyrir alla nemendur.
- ⇒ Litið er svo á að hegðun barna og unglinga sé hluti af lærdómsferli og að mistök séu tækifæri til þess að læra. Allir í skólasamfélaginu eru meðvitaðir um að styrkja nemendur og hvetja til jákvæðrar hegðunar.

Jákvæður skólabragur – foreldrar

- ⇒ Foreldrar vinna að því í góðu samstarfi við kennara að styðja börn sín í námi. Þeir kynnast kennurum barna sinna í foreldraviðtölum, á námskynningum og á uppákomum í skólanum. Þeir upplýsa kennara um allt það sem gæti haft áhrif á líðan og hegðun barns síns.
- ⇒ Foreldrar eru upplýstir um Skólasáttmálann og agastefnu skólans og leita ávallt lausna með starfsfólki skólans.
- ⇒ Foreldrar ræða við börnin sín um skólann, um líðan í skólanum, samskipti og námið. Þegar eitthvað kemur upp á vinna foreldrar að því með skólanum að leita lausna.

Jákvæður skólabragur – starfsfólk skóla

- ⇒ Starfsfólk er vel upplýst um nemendur og mætir þörfum þeirra eftir fremsta megni.
- ⇒ Starfsfólk á gott samstarf hvert við annað og við foreldra um nám og líðan nemenda. Það er vel upplýst um allt það sem kann að hafa áhrif á nám og líðan nemenda.
- ⇒ Starfsumhverfið er gott og uppfyllir öll skilyrði um öruggt og heilbriggt starfsumhverfi.
- ⇒ Starfsfólk er vel menntað og hefur góð bjargráð til þess að takast á við námslega erfiðleika, hegðunar- og/eða félagslegan vanda nemenda.
- ⇒ Starfsfólk skólans er virkt í símenntun og tekur þátt í skólaþróun.

Nemendaráð

Að venju kusu nemendur í 4.-10. bekk sér fulltrúa í nemendaráð fyrir skólaárið. Þetta er alltaf heilmikið ferli hjá okkur og er í raun dálítill kennsla um fulltrúalýðræði og framkvæmd kosninga.

Fulltrúar í nemendaráði Naustaskóla skólaárið 2014-2015 eru:

- 10. bekkur: Signý Rós Ólafsdóttir (formaður) og Sýlvía Sól Guðmundsdóttir (varamaður er Indíra Jónasdóttir)
- 9. bekkur: Birgir Freyr Magnason (vm. Freyr Jónsson)
- 8. bekkur: Brynjólfur Skúlason (vm. Ólafur Anton Gunnarsson)
- 7. bekkur: Íris Orradóttir (vm. Sigurður Bogi Ólafsson)
- 6. bekkur: Agnar Daníel Ásmundsson (vm. Jóna Margrét Arnarsdóttir)
- 5. bekkur: Alex Máni Sveinsson (vm. Aron Ísak Hjálmarsson)
- 4. bekkur: Viktor Sigurðarson (vm. Selma Sól Ómarsdóttir)



ATH - bola- og peysusala. Á viðtalsdaginn, 6. október, er stefnt að því að foreldrar og nemendur geti mátað peysur og boli með merki skólans en 10. bekkur áformar að selja peysurnar til styrktar ferðasjóði. Seldar verða svartar peysur og ljósbláir bolir en nemendaráð hefur einmitt ákveðið að ljósblár verði "litur skólans" í íþróttakeppnum og þess háttar viðburðum. Því væri gaman að sem flestir gætu eignast ljósbláan bol sem hægt væri að skarta við sérstök tækifæri...



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	29 Kjötbúðingur, kartöflur, salat og brún sósa	30 Öfnbakaður fiskur í indverskri sósu, hrísgrjón, salatbar Opíð hús 8-10b	1 Steikt lambakjöt, kartöflur, grænmeti og piparsósa, ávextir Forvarnardagur 9.b. Fótboltamót 8.-10.b Visindasirkus	2 Fiskipottréttur, hrísgrjón og paprika, ávextir	3 Starfsdagur / Haustþing kennara Frístund lokað e.h. (Kartöflusúpa og brauð, salatbar)	4
5	6 Viðtalsdagur Frístund opin (Fiskibollur, kartöflur, gúrka og karrysósa, ávextir)	7 Íslensk kjötsúpa, saltarbar Opíð hús 8-10b	8 Spínatbuff, hrísgrjón, paprika og salsa- dressing, ávextir Göngum í skólann- dagurinn !	9 Soðinn fiskur, kart- öflur, grænmeti og lauksmjör, ávextir	10 Gúllas og kartöflur, salatbar	11
12	13 Plokkfiskur, paprika og rúgbrauð, ávextir OPIN VÍKA Smiðjuskil hjá 4.-7.b.	14 Lasagna, kartöflu- stappa og salat, ávextir Opíð hús 8-10b	15 Steiktur fiskur í raspi, kartöflur og sólskinsdressing, salatbar	16 Pizza og salat, ávextir Opíð hús hjá 5.-7. bekk kl. 14:30-16:00	17 Hrísgrjónagrautur og slátur, salatbar	18
19	20 Hakkréttur, hrísgrjón og salat, ávextir Smiðjuskil hjá 2.-3.b	21 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur/ gulrætur og tómatsósa, ávextir Opíð hús 8-10b	22 Lambasnitset, kartöflur, steikt grænmeti og lauksósa, salatbar	23 Öfnbakaður fiskur í tómatkarrysósu, hrísgrjón og paprika, ávextir	24 VETRARFRÍ (Blómkálssúpa og brauð, salatbar)	25
26	27 VETRARFRÍ (Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og smjör, ávextir)	28 Hakkabuff, kartöflur, salat og brún sósa Bangsavika Opíð hús 8-10b	29 Spaghettifiskur og paprika, salatbar.	30 Kjúklingaleggir, hrísgrjón, salat og sveppasósa, ávextir	31 Skyr, brauð og álegg, salatbar Bleikur dagur Hrekkjavökuball	1. nóv

Muna: Starfsdagur 3. okt og viðtalsdagur mánudaginn 6. október, foreldrar og nemendur mæta til viðtals við umsj.kennara, foreldrar bóka tíma á mentor.is

Opin vika 13-17. október - foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann

Vetrarfrí 24.-27. október